

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

Í stað „við móttöku skírteinisins“ í 1. mgr. komi: við afhendingu umsóknar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

3. og 4. málslíðir 18. tölul. verða að sérstökum málsgreinum sem koma í kjölfar 18. tölul.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

Í stað „2. tölulið þessarar greinar“ í 1. másl. 4. mgr. A-liðar komi: B-lið þessarar greinar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. reglugerðarinnar:

Í stað „10. september 2012“ í 3. mgr. komi: 10. september 2013.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. reglugerðarinnar:

Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Ökuskírteini sem gefið er út í ríki sem er ekki aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, svo og ökuskírteini sem gefið er út á grundvelli slíks ökuskírteinis, veitir handhafanum rétt til að stjórna sömu ökutækjum hér á landi og það heimilar að stjórna í útgáfulandinu í allt að einn mánuð eftir að skilyrðum um fasta búsetu er fullnægt, sbr. þó 3. og 4. mgr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. reglugerðarinnar:

2. mgr. fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. reglugerðarinnar:

Í stað 1. tölul. 1. mgr. kemur nýr 1. tölul. 1. mgr., svohljóðandi:

fullnægi ökukennarinn enn skilyrðum 2. tölul. 1. mgr. 33. gr. til útgáfu löggildingar,

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða:

Í stað „1. mars 2012“ í niðurlagi ákvæðis til bráðabirgða kemur: 1. janúar 2013.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á I. viðauka við reglugerðina:

1. Í stað „4. mgr. 8. gr.“ í tölulið 10.02 í III. kafla, kemur: 4. mgr. A-liðar 8. gr.

2. Í stað „5. mgr. 8. gr.“ í tölulið 78 í III. kafla, kemur: 4. mgr. A-liðar 8. gr.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á IV. viðauka við reglugerðina:

Í stað 3. mgr. 1. tölul. kemur ný 3. mgr. 1. tölul., svohljóðandi:

Þegar ökutæki, sem notað er við kennslu eða próf er búið sérstökum hjálparbúnaði skal vera unnt að taka búnaðinn úr notkun. Til hjálparbúnaðar telst:

- a. hallahemill,
- b. stillanlegur hraðatakmarkari,
- c. sjálfvirkur bilskynjari,
- d. veglínuskynjari,
- e. bakkskynjari, bakkmyndavél eða búnaður sem gerir auðveldara að leggja ökutæki, og
- f. annar sambærilegur búnaður ökutækis sem notaður er til ökukennslu eða ökuprófs.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 50., 52., 54., 57. og 60. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 23. febrúar 2012.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. febrúar 2012